



Fundargerð fræðslunefndar

Mánudaginn 30.05.22, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:00 í Höfðaskóla.

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Hafdís Ásgeirsdóttir, Þórey Fjóla Aradóttir, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir og Baldur Magnússon mættur undir lið 2-4.

Fulltrúar grunnskóla: Sara Diljá Hjálmarsdóttir, skólastjóri, Guðrún Elsa Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri, Elva Þórisdóttir fulltrúi kennara

Fulltrúar leikskóla: Lilja Guðlaug Ingólfsdóttir leikskólastjóri, Sesselja Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna

Aðrir: Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri sat fyrsta lið í gegnum Teams.

Péturína L. Jakobsdóttir, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjármál

a. Samantekt úr ársreikningi 2021.

Sveitastjóri fer yfir tekjur og útgjöld yfir árið. Erum undir áætlun en launakostnaður er að hækka á milli ára. Börnum að fjölga á leikskóla og rekstur því að verða dýrari á leikskólanum.

Samantekt til kynningar

2. Grunnskóli

a. Skýrsla skólastjóra.

Í styttra lagi vegna tíma og ástands, hætt við árshátíð og í staðinn haft skemmtistund fyrir foreldra á hverju stigi. Farið yfir breytingar á starfsmannahaldi, 2 kennarar hætta í vor. Auglýst eftir starfsmanni í frístund en ekki búið að ganga frá ráðningu. Skólaslit á morgun kl 17:00. Skólastjóri segir frá því að könnun hafi verið send út varðandi árshátíð og skólaslit, meirihluti foreldra vill halda áfram að hafa þetta með sama sniði og áður

Skýrslan var til kynningar

b. Fundargerð skólaráðs

Fundur í skólaráði 26.04.2022. Farið yfir skóladagatal og samþykkt samhljóða. Óskað eftir frekari fræðslu um rafmagnshlaupahjól sem var brugðist strax við og lögreglan kom með fræðslu fyrir öll skólastig. Einnig var rætt um sparkvöllinn og athugasemdir gerðar við gúmmí á vellinum sem var send áfram til Sveitastjórnar. Fundargerð var til kynningar



c. Skólapúlsinn

Niðurstöður skólapúls kynntar af skólastjóra. Erum nánast á pari við skólapúlsinn í fyrra. Flestar breytingar eru undir 1. Skólastjórnendur búnir að greina niðurstöður og vilja fylgjast með breytingum nú þegar skólahald er að fara í almennt horf. Skólapúls verður birtur á heimasíðu skólans. Niðurstöður voru til kynningar.

d. Skóladagatal 2022-2023

Skólastjóri fer yfir Skóladagatal, samþykkt einhljóða af skólaráði. Einnig send út könnun til foreldra. Farið var í 180 daga á núverandi skóladagatali úr 175 dögum áður þegar nemendur og kennarar unnu 40 min lengur í hverri viku. Niðurstaða könnunar var að foreldrar vildu 180 daga, en fríðindin sem fylgja 175 dögum. Farið var því í að hafa 175 daga en í stað þess að bæta við einni kennslustund á viku eru 10 min bætt við eina kennslustund á mánudögum – fimmtudaga. Auka foreldraviðtali er bætt við að hausti. Skóladagatal samþykkt samhljóða

3. Leikskóli

a. Skýrsla leikskólastjóra. Innra mat og skólapúls.

Leikskólastjóri fer yfir skólastarfið. Mat á skólaárinu og framtíðarsýn. Niðurstöður foreldrakönnunar voru mjög góðar, 100% ánægja með leikskólann, stjórnun, ánægju barna á leikskólanum og með húsnæði og aðstöðu. Fyrirhugaðar umbætur; búið að kaupa nýja fánastöng og það á að setja hana upp, búið að skipta um eitthvað af girðingunni, nýr dúkur á tvö klósett og eitt nýtt klósett, malbik á lóð og frágangur.

Farið yfir ferðir og uppákomur, foreldrafundur, piparkökubakstur, sýning í landsbankanum í febrúar. 2 fundir í foreldraráði. Foreldraviðtöl í nóvember og mars. Vikulegar ferðir í íþróttahús. Fórum og lékum okkur fyrir utan Sæborg svo heimilsfólk gat fylgst með. Tókum þátt í Skúnaskralli þar sem þáttaka var mjög góð. Úskriftaferðin var á sínum stað og sveitaferð, endum vetrarstarfið með karnival göngu og grillveislu í júní. Farið yfir starfsmannahald, Samstarfsverkefni, þróunarverkefni og þróunarstarf, samstarf heimilis og skóla og daglegt samstarf. Nemendafjöldi í vetur voru 33 börn. Sex börn útskrifast í vor og búið að sækja um fyrir 6 börn í haust. Vitum af fleiri börnum og stefnum í 40 börn haustið 2022. Skýrslan var til kynningar.



FRÆÐSLUNEFND SKAGASTRANDAR

b. Símenntunaráætlun.

Haustþing í september, ekki komið endanleg dagsetning. Hjallahaustþing 7. Okt. Stefnt á skyndihjálparnámskeið.

c. Fundargerð foreldraráðs.

Skóladagatal rætt og símenntunaráætlun. Athugasemdir gerðar og ræddar. Skóladagatal og símenntunaráætlun samþykkt með fyrirvara um að verða rædd aftur á haustfundi þegar komin er endanleg dagsetning á haustþing. Gæðaeftirlit frá Hjalla og undirbúningur fyrir Skúnaskrall rædd. Fundargerð var til kynningar.

d. Skóladagatal 2022-2023

Á milli jóla og nýjaárs verða 2 starfsdagar. Þegar leikskóli opnar eftir sumarfrí er lokað fyrir hádegi og eins þegar farið er í sumarfrí, þá lokar leikskóli á hádegi. Starfsdagur föstudaginn eftir sumardaginn fyrsta. Haustþing í september og Hjallaþing í október. Skóladagatal samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál

Síðasti fundur hjá núverandi fræðslunefnd og þakkar formaður og nefnd fyrir gott samstarf á tímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00

Péturína L. Jakobsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Hafdís Asgeirsdóttir

Hafdís Asgeirsdóttir

Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

Þórunn Valdís Rúnarsdóttir

Sara Dillja Hjalmsdóttir

Sara Dillja Hjalmsdóttir

Elva Þórisdóttir

Elva Þórisdóttir

Baldur Magnússon

Baldur Magnússon

Þórey Fjola Aradóttir

Þórey Fjola Aradóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir

Guðrún Elsa Helgadóttir



RÆDSLUNEFND SKAGASTRANDAR

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir

Lilja Guðlaug Ingólfssdóttir

ALEXANDRA JOHANNESDÓTTIR

Alexandra Jóhannesdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir